

## AST – VINNUFUNDUR FRAMKVÆMDARÁÐS NR. I

Vinnufundur var haldinn í framkvæmdaráði AST fimmtud. 3. feb. 2011. Tengd í síma inn á fundinn í voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson, Skúli Björn Gunnarsson, Stefanía G. Kristinsdóttir og Bj. Hafþór Guðmundsson.

Fundurinn hófst kl. 13:00. **Eftirfarandi var fært til bókar:**

Allir tengdu sig inn á síðu sem Stefanía var búin að setja upp til að halda utan um verkefnið. Þar er þegar búið að koma fyrir miklu af gögnum og geta allir bætt í þann sarp.

Fundarmenn voru sammála um að vinna m.a. að eða út frá neðangreindum atriðum:

- Útgangspunktur er sjálf þjónustan („bottom – up“).
- „One stop shop“ verði sem víðast.
- Þörf er á að innbyggja SKILVIRKNI í þjónustunni.
- Gögn sem nýtast við að skilgreina þjónustuna betur eru:
  - ÞFA-skýrsla. Kallað verði hjá ÞFA eftir skýrslu Páls Kr. Pálsson gagnvart atvinnulífinu. (Ath. BHG er búinn að falast eftir henni hjá HHH).
  - Könnun sem ÞNA hefur unnið um menntunarþörf á hverjum þéttbýlisstað fyrir sig. Var gerð meðal íbúa, háskólanema og fyrirtækja. Einnig til greinargerð byggð á viðtölum við forsvarsmenn sveitarfélaga.
- Fá þarf fram hvaða þjónustu sveitarfélögin sjálf eru með á þessu sviði sem þau vildu setja inn í stoðkerfi það, sem áform eru uppi um að koma á laggirnar. Fyrsta skref í því að kalla eftir upplýsingum um starfsmenn og verksvið sem falla undir þessa þjónustu hjá sveitarfélögunum. Arnbjörg byrjar á að skilgreina hvaða starfsmenn og verkþætti hjá Seyðisfjarðarkaupstað tengjast þessu. Út frá því búið til form sem önnur sveitarfélög geta fyllt inn í.
- Mikilvægt að stilla strax upp „scenarios“ fyrir þjónustuna. Hópurinn skiptir með sér að skilgreina ferla fyrir verkefni og skýra þarfir út frá sjónarhorni viðskiptavinar, miðað við dreifðar starfsstöðvar og mismunandi þörf og verkefni:
  - Páll tekur „fyrirtækjavinkil“
  - Skúli tekur „ferðaþjónustu- og menningarvinkil“
  - Arnbjörg tekur „sveitarfélagavinkil“
  - Stefanía tekur „nemenda/menntavinkil“
- Björn Hafþór skoðar fyrir næsta fund hvað er að gerast hjá ríkinu út frá 20/20 og hugmyndum um breytt stoðkerfi.
- Ákveðið var að næsti fundur framkvæmdaráðsins verði haldinn 10. febrúar 2011 kl. 13-15 í Ráðhúsinu á Reyðarfirði (salur 4).
- Á þeim fundi liggi fyrir staða mála við öflun / úrvinnslu ofangreindra verkefna.
- Á þeim fundi „skiptir hópurinn með sér verkum stjórnunarlega séð“.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundinum lauk um kl. 14:10.